

FUNDARGERÐ

120. stjórnarfundur KRAFT

120. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Zoom)
9. desember 2020 kl. 20.05

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Inga María, Lára og Laufey.
Aron Ingi og Þórunn komust ekki á fundinn.
Muggur forfallaður.
Fundarritari : Laufey.

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Samþykkt.

2. RIG 2021 - STAÐAN

Skv. nýjustu sóttvarnareglugerð er gefið leyfi til að halda mót á Íslandi. Stefnt er af fullum krafti að halda mótið. Stjórn KRAFT samþykkti að unnið verður áfram með undirbúning fyrir keppni í kraftlyftingum. Það eru fjórir erlendir keppendur auk dómara. Tveir erlendir keppendur hafa þegar fundið sér gistingu meðan á sóttkví stendur og keppni en finna þarf sóttkvíargistingu fyrir hina og dómara, auk gistingar meðan á keppni stendur. Vegna sóttkvíar verður þetta aukinn kostnaður frá fyrri RIG mótum.

3. UNÐANÞÁGUBEIÐNI FYRIR LANDSLIÐSKONUR OG LANDSLIÐSMENN.

Skv. nýjustu sóttvarnareglugerð er komið leyfi fyrir afreksfólk að æfa. Sérsambönd þurfa að uppfæra sínar reglur og skilgreina afrekshópa og senda á ÍSÍ. Gry fer í málið.

4. KRAFTLYFTINGAFÓLK ÁRSINS

Regluverk KRAFT um val fyrir árið 2020 gildir ekki vegna aðstæðna á árinu. Á árinu voru haldin þrjú meistaramót. Stjórn KRAFT samþykkti að velja kraftlyftingafólk ársins. Gry ætlar að taka saman tölur/stigagjöf keppenda á árinu og sendir á stjórn áður en valið fer fram.

5. KRAFTLYFTINGAÞING 2021

Gry beindi því til stjórnar að fara að huga að skipulagi og dagskrá þingsins (fundarefni, lagabreytingar, stjórnarkjör o.fl.). Stjórn KRAFT samþykkti að halda þingið laugardaginn 20. mars 2021.

6. UPPGJÖR VIÐ AFREKSSJÓÐ - ENDURGREIÐSLA

Aron Ingi gjaldkeri sem hefur unnið að þessu máli komst ekki á fundinn. Ákveðið að afgreiða í tölvupósti.

7. ÖNNUR MÁL

LANDSLIÐSVAL

Auðunn sendi á stjórn lista yfir landsliðsval 2021.

BRÉF TIL ÍBA VEGNA KFA

Með vísun í síðustu fundargerð. Þórunn og Gry sömdu bréf til ÍBA og fyrir fund hafði Þórunn sent bréfið á stjórn. Stjórnin samþykkti að Gry skrifi undir f.h. stjórnar og sendi á ÍBA.

NÝJAR TÆKNIREGLUR

Eru í þýðingu hjá Helga Haukssyni.

NÝ IPF STIGAGJÖF

Verið er að færa inn á vef nýja stigagjöf. Klaus færir inn á vef KRAFT ný stig.

NÝIR ÞYNGDARFLOKKAR

Engin lágmörk fyrir Íslandsmetum eru í nýjum þyngdarflokkum. Gry heyrir í Aroni Friðriki og kannar með ný viðmið fyrir flokka.

7. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

8. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.00